Fiskgengd í Þjórsá og þverám hennar er stefnt í voða. Veiði hefur verið stunduð í net í áratugi og hin síðari ár einnig á stöng. Óttumst við framhald þeirra hlunninda og sjáum við ekki að mótvægisáðgerðir framkvæmdaaðila gangi upp.

Niður Þjórsár er ekki hljóðmengun heldur hluti af eðlilegri náttúru landsins. Í gegnum aldirnar hefur árniðurinn verið vísrending um veðrabrigði. Hljóð náttúrunnar eru fágæt verðmæti í þéttbýli Evrópu og ættum við að gæta þeirra. Frá bæjarhlaði mínu séð hef ég fyrir augunum flúðirnar við flóðgáttina, Prándarholtsflúðir og niðinn í Búðafossi sem gefa vísrendingu um veðrabrigði.

Áhyggjur höfum við af uppblæstri í Þrándarholtshólma, Miðhúsahólma og Árnesi, sem við höfum daglega fyrir augum okkar og gerir ekki annað en að fegra útsýnið. Búast má við að víðáttumiklar sandeyrar verði á þurru með tilheyrandi fokhættu í hinum breiða farvegi árinna.

Óttumst við verulega röskun fuglalífs á Þjórsá með breyttum vatnsfarvegi og teljum að fyrirmynnd Ásgríms Jónssonar af tveimur Lómum við Þjórsá muni hverfa. Gríðarleg umferð og ónæði munu verða á svæðinu meðan á virkjanaframkvæmdum stendur.

Allar þessar virkjanir og lón eru á mjög virku jarðsprungu- og jarðskjálftasvæði. Ekki er tryggt að Þjórsárhraunið haldi vatni. Mikil óvissa er vegna hættu á jarðskjálftum og flóðum og er það fullkomlega ósættanleg ógn.

Náttúran er takmörkuð auðlind sem okkur ber að virða, varðveita og nýta á sjálfbærar hátt, þannig að ekki sé gengið á höfuðstól náttúrunnar. Þessar framkvæmdir eru ekki sjálfbær landnýting heldur valda lónin tortímingu á landi. Lónin munu með tímanum fyllast af aur og seti.

Við viljum að sveitin sem við þekkjum svo vel fái að vera í friði fyrir þessum stórframkvæmdum.

Framkvæmdirnar snerta hagsmuni allra Íslendinga, ekki bara þeirra sem hafa fasta búsetu í Skeiða-og Gnúpverjahreppi.

---

**Með hliðsjón af því sem rakið hefur verið hér að ofan viljum við hvetja sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps til að draga áform um virkjanir í neðri hluta Þjórsár til baka og fella þær út úr Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016.**

Við áskiljum okkur rétt til að senda inn frekari upplýsingar, rökstuðning og gögn.

Einnig óskum við eftir að við fáum að tjá okkur um athugasemdir og önnur gögn sem kunna að berast sveitarstjórn vegna málsins og einnig gögn sem sveitarstjórn kann að afla sjálfstætt.

Nafn:	Heimili:	80/1 Sjálfstætt Kt.
Hrafnhildur Þorvaldottir	Stöðulfelli	0109572069
Oddur Eirik Bjarnason	Stöðulfelli	2007552869
Kristnir Oddsdóttir	Stöðulfelli	1811843459
Cálli Vidar Oddasson	Stöðulfelli	160183 4899
Bryndis Oddsdóttir	Stöðulfelli	050389 - 2439

Pétur Ingi Haraldsson  
Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnессýslu  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Skipulags- og byggingarfulltrúi  
upsveita Árnессýslu, S.J.

01. mars 2007  
Móttekið

## Efni: ATHUGASEMDIR VIÐ BREYTINGU Á AÐALSKIPULAGI OG VIRKJUNUM Í ÞJÓRSÁ

„Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests,  
telst vera samþykkur henni.“

Pétur Ingi Haraldsson  
Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnессýslu  
29. desember 2006

Lokahnykkur í auglysingu um skipulagsmál í uppsveitum Árnессýslu undirrituð af skipulagsfulltrúa lýsir undarlegri afstöðu til lýðræðis og mikilvægra skipulagsmála þar sem náttúruverndargæði óborinna kynslóða landins er í húfi. Vel má vera að setning svipuð þessari hafi áður verið notuð af ábekku tilefni einhvers staðar en mig rennur ekki minni til þess. Alla vega er hún óheiðarleg hótun sem sveitastjórnir í lýðfriðalsu landi mega ekki halda á lofti – vitandi tvennt: að það er ávallt meirihluti fólks sem ekki leggur í vana sinn að gera skriflegar athugasemdir hvort sem það er á móti eða með einhverju máli og í öðru lagi eru það hinar óbornu kynslóðir Íslendinga; Gnúpverja og Skeiðamanna, Hreppamanna og úr Bláskógbabygg, Grímsnes- og Grafningshreppi ... sem ekki fá að segja álit sitt á eyðileggingaráformum nýlifandi kynslóða.

Ég gerði engar skriflegar athugasemdir gegn ólöglegri þátttöku Íslands í innrásinni í Írak en samkvæmt svona yfirlýsingi er ég samþykkur innrásinni – þó svo að ég telji hana eitt stórfelldasta hryðjuverk í sögu mannkyns.

Menn verða að staldra við og muna að til er aðeins eitt Ísland, ein Þjórsá, ein Þjórsárver og ein Akbraut við Þjórsá, einn Urriðafoss, svo nokkur dæmi séu tekin. Þessi náttúrugæði eru ekki séreign okkar sem nú lifum og það er aldeilis fjarstæða að hver kynslóð megi ráðstafa landinu að vild. Með því móti verða engin lífsgæði viðunandi í framtíðinni ef stóriðjusamfélagið á að ráða vegna þess að vistkerfi lands og sjávar munu hrynda. Jökulfljót landsins eru uppsprettu vistkerfa og margra lífsins gæða og með stíflum og uppistöðulónum er verið að draga úr mætti fljótanna til að viðhalda vistkerfum á landi og í sjó.

Þær þjár virkjanir í Þjórsá sem Landsvirkjun hyggst reisa og rústa til þess byggð, sveitum og samheldni eru að stofni tæplega 50 ára gamlir hugarórar Raforkumálaskrifstofunnar (forvera Orkustofnunar og Landsvirkjunar) en hún fékk alþjóðlegan verkfræðirisa Harza til að vinna mynstur-áætlun (Master-Plan) virkjana í Þjórsá og Hvítá. Flestir þeir sem hafa kynnt slíkum allsherjar-áætlunum hafa fyrir löngu áttað sig á því að hér var um ramm-sovéskar hugmyndir að ræða þar sem engu er eirt en allt stflað á „yelferð“ almennings með ríkisforsjá. Landsvirkjun ólst upp í slíku umhverfi og stundar hernað á náttúru landsins með aðstoð ríkis og margra sveitafélaga. Andstaða Gnúpverja og síðar Skeiða- og Gnúpverjahrepps við áformum Landsvirkjunar í Þjórsárverum er söguleg undantekning sem hefur verið mest til fyrirmynadar og sóma á gjörvöllu Íslandi til þessa.

Þær virkjanir sem nú eru á teikniborðinu eru hluti af fullvirkjun Þjórsár frá 1960. Þær eru forneskjulegar og sérlega heimskulegar í því ljósi að nú vitum við miklu meira um áhrifamátt fallvatna heldur en fyrir 50 árum – ekki svo að skilja að verkfræðingar nútímans hafi mikið lært af náttúruvísindum. Fyrir tiltölulega fáum árum var til dæmis lítið vitað um áhrif jökulvatna á sjávarlíf. Ennþá er þekkingin ónog en samt er ljóst að arðmestu hrygnur þorskstofnsins hrygna við ósa Þjórsár og annarra jökulvatna landsins.

*Mælingar á hrygnandi þorski, bæði á vegum klak- og hrygningarrannsókna og neftalls Hafrannsóknastofnunarinnar, hafa sýnt að stærstu þorskarnir hrygna við mynni jökulánna sem renna til sjávar við suðurströndina (svæði 3.1 [= Ölfusá-Þjórsá], 3.2 [= Þjórsá], 5.1 [= Jökulsá á Breiðamerkursandi, Stemma ofl.] og 5.3 [= Kúðafljót-Skaftá-Skeiðará] ... Talið er að þessi hrygningarsvæði séu sérstaklega góð, m.a. vegna þess að ferskvatnsrennslíð stuðlar að lagskiptingu þannig að ferskur sjór flýtur ofan á og myndar þannig eðlisþyngdarlag sem þjappar saman hrognum, kviðpökuseiðum og átu í efstu lög sjávar þar sem sólar gæti og þörungavöxtur er mikill.*

Guðrún Marteinsdóttir. Mikilvægi stórborsks í viðkomu þorskstofnsins við Ísland.  
Náttúrufreðingurinn 1.-2. hefti. 2006

Líkur eru á því að Þjórsá sé lykillin að hrygningu og auðsæld Selvogsbanka og það í meira mæli en aðrar ár vegna vatnsmagns og frjómagns jökulvatns, sem þó hefur farið dvíndi síðan Búrfellsvirkjun var byggð. Átta árum eftir að Búrfellsvirkjun var gangsett hrundi þorskstofninn eins og fram kemur í „svartri skýrslu“ Hafrannsóknarstofnunar frá þeim tíma og margvíslegar upplýsingar út um allan heim styðja eindregið þær niðurstöður að uppistöðulón í aurugum fallvötnum hafi geigvænleg áhrif á sjávarlíf bæði í bráð og lengd.

Hluti af auðsældinni er til kominn vegna náttúrulegra flóða, árstímabundinna og daglegra sveiflna í jöhlulám. Einmitt þessar sveiflur framkalla meira flæði til sjávar og frjáls fallvötn viðhalda miklu viðtækari ferskvatns-lagskiptingu ofan á salta sjónum, en beislaðar. Í þessu efsta lagi nýtur sólarinnar og þar fer mesta þörungaframleiðslan fram – og þess vegna dafna svifdýr og seiði þorsks einkar vel á mörkum ferska vatnsins og salta sjávarins. Allt er þetta tengt náttúrukluukku vistkerfanna og þannig hefur þorskurinn tímasett hrygningu í takti við vorflóð og dægursveiflur.

Auk þessarar þýðingarmiklu starfsemi sem Þjórsá og aðrar jökulár eiga hlutdeild í með því að viðhalda ferskvatnshimnu á yfirborði sávar (falli fljót frjálst að ósi) verður líka að minna á að í upplausn í jökulvatninu eru efni, jónir, sem skipta sjávarlíf gríðarmiklu máli, en með uppistöðulónum er dregið úr þessari virkni. Hér á þetta við um kalsíum og kíslí jónir. Þessi efni skipta sköpum fyrir vistkerfi sjávar þar sem stofnar þörunga, svifdýra og krabbadýra og margra annarra hryggleysingja byggja afkomu sína beint og óbeint á þessu flæði. Auk þess binst kalsíum gróðurhúsalofttegundinn koltvísýringi í sjónum sem hafið hefur laðað til sín úr andrúmsloftinu og þannig hamlar kalsíumflæði jökulvatna hlýnum andrúmslofts á löngum tíma. Með virkjunum í Þjórsá er verið að draga úr þessu flæði og um leið starfsemi lífríkis við strendur landsins. Við má bæta að Jón Olafsson prófessor og haffræðingur á Hafrannsóknastofnun hefur margost varað við stórvirkjunum í jökulám landsins af þessum ástæðum.

Með því að margstífla Þjórsá er verið að gæta fallvatnið og varla er það hlutskipti eða ætlan sveitastjórna í uppsveitum Suðurlands að ganga þannig á auðlindir og almannahag.

Ég geri ráð fyrir að margir munu benda á stórkostlega þróngsýni og vanmat á því að fórn sveitum Suðurlands fyrir svo fánýta og skaðlega starfsemi sem Landsvirkjun rekur.

Vissulega munu sveitastjórnir og sveitastjórnarmenn sem samþykkja svo vanhugsáðar virkjanir ekki gleymast komandi kynslóðum, en það mun ekki vera fyrir fraimsýni, skilning eða væntumþykju á sveitinni sinni eða óbórum Íslendingum.

Ég hvet ykkur öll til að hafna þessum afleitu og hálfrað aldar gömlu hugarórum um fullvirkjun Þjórsár, að sovéskum sið, og minnast þess að við erum ekki aðeins okkar gæfusmiðir heldur líka náttúrunnar auk þeirra kynslóða Íslendinga sem á eftir okkur koma.

Landið okkar á ekki að vera einnota.

Með vinsemnd,  
Guðmundur Páll Ólafsson náttúrufræðingur  
Neskinn 1, Stykkishólmi

340

Stykkishólmi  
28. febrúar 2007

*þar sem hræsni og heimska  
hálfa dali fylla  
munu græðgi og gleymska  
gæðum landsins spilla*  
FÍA (Hólmfriður Bjartmarsdóttir á Sandi), 2006

fl. 020641-3989

Skipulags- og byggingarsfulltrúi  
uppsveita Árnæssýslu

01. mars 2007

Móttekið

Reykjavík  
28. febrúar 2007

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnæssýslu

Pétur Ingi Haraldsson  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Við undirrituð, eigendur Áslands, sumarhúss í landi Haga í Gnúpverjahreppi höfum talsverðar áhyggjur af fyrihuguðum framkvæmdum vegna virkjana í Þjórsá. Við reistum bústað okkar árið 1994 og höfum síðan varið miklum tíma þar uppfrá við gróðursetningu og ýmsar landbætur. Það er sárt að horfa til þess að slíkir hlutir fari forgörðum. Þess utan eיגum við hjónin bæði ættir okkar að rekja til Gnúpverjaharepps (Haga og Þjórsárholt) og höfum haft þar annan fótinn allt frá barnsaldri.

- Það þarf ekki að fjölyrða um að ásýnd árinnar mun breytast talsvert þar sem annars vegar er rennandi á og hins vegar stöðuvatn. Ásýndin er þó ekki það eina.
- Við sjáum að það mun óhjákvæmilegt að hækka veginn fyrir neðan bústaðinn þar sem lónhæðin virðist vera hærri en núverandi vegur. Hversu hátt vegurinn mun standa höfum við reyndar ekki fengið að sjá ennþá og reyndar ekki heldur hyvernig gengið verður frá fyrir framan bústaðinn. Um leið og vegurinn hækkar þá færist umferðin nær okkur. Það verður þá minna sem landshættir draga úr óhjákvæmilegum umferðarnið frá veginum.

- Þá höfum við af því áhyggjur hvernig gengið verði frá læknum sem rennur niður gilið á milli bústaðar okkar og Undralands, sem er næsti bústaður. Þessi lækur rennur út í Þjórsá og þar sem hún vérður orðin að stöðuvatni með talsvert hærra yfirborði en nú er má gera ráð fyrir því að myndast muni "lón" innan girðingarinnar hjá okkur þar sem lækurinn kemst ekki sína leið. Nema þá að fyllt verði upp í þá lægð sem þar er?
- Það hefur verið dægradvöl til margra ára að renna færi í Þverá á vatnaskilum Þjórsár. Það er einstaklega fjölskylduvænt umhverfi. Það svæði mun greinilega verða á kafi samkvæmt þeim teikningum sem við höfum séð.
- Rennandi á hefur talsvert minna vatnsmagn en stöðuvatn og í vetrarkulda má gera ráð fyrir því að meiri kulda leggi frá því en ánni. Það gerir aðstæður allt aðrar hjá bústöðunum þar beint fyrir ofan.
- Nú eru fyrirhugaðar framkvæmdirir á virku jarðskjálftasvæði. Eftir jarðskjálftana árið 2000 hafa vísindamenn greint frá því að ekki hafi losnað nægjanleg spenna í jarðskorpanni á svæðinu til að hættan sé liðin hjá. Þá hefur verið talað um að spennan sé nú mest við Skarðsfjall. Ekki hljómar það vel með tilliti til mannvirkja á borð við stíflu.

Það er einlæg ósk okkar og von að fallið verði frá fyrirhuguðum framkvæmdum við Þjórsá. Hér er verið að tala um framkvæmdir í byggð, þar sem gróið land fer undir vatn.

Því viljum við hvetja sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps til að draga áform um virkjanir í neðri hluta Þjórsár til baka og fella þær út úr Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Virðingarfyllst

Jón Helgi Guðmundsson  
Guðrún Ásbjörnsdóttir

270455-3529

Sæviðarsundi 17  
104 Reykjavík

180459-5889

Eigendur Áslands,  
frístundabústaðar í landi Haga í Gnúpverjahreppi,  
ásamt Áslaugu Haraldsdóttur.

Skipulags- og byggingarfulltrúi  
upsveita Árnessýslu

01. mars 2007

27/02/2007

Móttekið

Skipulagsfulltrúi Uppsveita Árnessýslu  
Pétur Ingi Haraldsson  
Dalbraut 12 840 Laugarvatn

Efni: Athugasemd og mótmæli vegna aðalskipulags Skeiða og Gnúpverjahrepps  
2004-2016

Ég undirritaður Friðrik Sigurðsson 280275-4339 hef eitt flestum mínum sumrum sem barn í Haga hjá Jóhönnu Jóhannsdóttur og Haraldi Georgssyni (nú láttinn) þar eiga foreldrar mínrí nu 7,2 hektara land og sumarbústað í landi Haga (Fagraland lóð 176480) sem markast af þjóðvegi og upp í Miðgil og ásana þar fyrir ofan.

Ef af virkjun verður, verður ætlað "Hagalón" beint fyrir framan okkur með þeim afleiðingum að einum fallegasta stað í Þjórsá verður sökkt og þar með Hagaey, sker og klettar, svo ekki sé minnst á árniðinn sem hverfur.

#### Virkjun hvers vegna?

Fyrir enn eina álbraðsluna sem greiðir "lágmarksverð" fyrir orkuna sem síðan almenningur niðurgreiðir.

Hvammsvirkjun og Holtavirkjun eru ekki arðvænlegar fyrir Skeiða og Gnúpverjahrepp þar sem stöðvarhús verður staðsett hinum megin við Þjórsá.

#### Nú er nóg komið

Okkur ber skylda til að varðveita óspillt land og náttúru fyrir komandi kynslóðir,

Við fórum fram á það að fallega sveitin okkar fái að vera í friði á meðan ekki er þörf á rafmagni til að tryggja búsetu og almannahag í landinu.

**Ég mótmæli því að Hvammsvirkjun og Holtavirkjun verði settar á aðalskipulag Skeiða og Gnúpverjahrepps 2004-2016.**

Með vinsemnd

Friðrik Sigurðsson

Skipulags-og byggingarfulltrúi  
upsveita Árnessýslu

01. mars 2007

Móttekið

28.febrúar 2007

Skipulagsfulltrúi Uppsveita Árnessýslu  
Pétur Ingi Haraldsson  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn  
4861172

Efni: Athugasemd og mótmæli vegna aðalskipulags Skeiða og Gnúpverjahrepps 2004-2016 (Leiðréttig vegna vontunar á nafni)

Ég undirrituð Vilborg Sigurðardóttir kt. 250572-4179 langar að koma eftirfarandi á framfæri.

Ég hef frá því að ég var ungabarn eytt miklum tíma í sveit á bænum Haga í Gnúpverjahreppi og haft af því mikið gagn og gaman og enn þann daginn í dag erum við fjölskyldan mikið þarna þar sem foreldrar mínr eiga sumarbústað þarna (Fagraland lóð 176480).

Útsýni og náttúrufegurð á þessu svæði er ómetanlegt og því finnst mér alveg hræðilegt að það skuli vera í bígerð að sökkva þessu landssvæði. Enn ein virkjunin sem ekki kemur til þess að skila okkur neinu og er ekki einu sinni arðvænleg fyrir hreppinn því að eins og fram kemur á skipulaginu er stöðvarhúsið hinu megin við ánnu.

Ég sé nú fram á að þær eyjar og þau sker og önnur kennileiti sem ég læroði að þekkja sem barn, og ég núna kenni mínum börnum að þekkja, verður sökkt eins og fleiri náttúruperlum hérlandis.

Hvaða skilaboð erum við að senda komandi kynslóðum? Er verið að tryggja búsetu og almannahag í landinu okkar? Nei, enn ein álbræðslan sem við, almenningur, komum til með að niðurgreiða rafmagnið fyrir er sett ofar öllu öllu.

Ég bið þess að komandi kynslóðir fái að njóta fallegu sveitarinnar minnar/okkar og að skilaboðin sem við sendum þeim séu skýr: Fórum vel með landið okkar og leyfum því að njóta sín í óspilltri mynd.

**Ég mótmæli því að Hvammsvirkjun og Holtavirkjun verði settar á aðalskipulag Skeiða og Gnúpverjahrepps 2004-2016.**

Með vinsemdu,

Vilborg Sigurðardóttir



# Náttúruverndarsamtök Íslands

Iceland Nature Conservation Association

Pétur Ingi Haraldsson  
Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnæssýslu  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Skipulags- og byggingarfulltrúi  
upsveita Árnæssýslu

28. feb. 2007  
Móttekið

Reykjavík 28. febrúar 2007

## Efni: Athugasemdir vegna auglýstrar breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016.

Náttúruverndarsamtök Íslands gera hér með eftirfarandi athugasemdir vegna auglýstrar tillögu að breytingum á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps, nánar tiltekið hvað varðar áætlaðar Hvamms- og Holtavirkjanir í Þjórsá.

Ljóst er að ofannefndar áætlaðar virkjanaframkvæmdir í neðri hluta Þjórsár munu hafa veruleg og óafturkræf áhrif á náttúrufar árinnar og umhverfi hennar, allt frá Þjórsdal til strandar og jafnvel út á landgrunn. Ekki er nein þjóðhagsleg þörf fyrir orkuna.

Þjórsá verður á löngum köflum veitt úr náttúrulegum farvegi sínum í göng eða skurði til myndunar uppistöðulóna. Af þessu leiðir að rennsli í árfarveginum stórminnkar, fossar munu skemmast og hætta á sandfoki stóraukast. Þá verður öðrum svæðum sökkt að hluta eða alveg, sbr t.d. Hagaey og Árnes.


Þá hafa ekki verið til talin þau umhverfisspjöll og jarðrask sem hljótast mun af framkvæmdunum sjálfum en auk beinna framkvæmda við við virkjanir og mannvirki er þeim fylgja mun þurfa að byggja nýja vegarkafla á fleiri en einum stað.

Sjónræn áhrif þessara framkvæmda á Þjórsá, eina glæstustu á landsins, verða mikil. Ýmis önnur áhirif eru óþekkt, t.d. áhrif á fiskgengd í Þjórsá og þverám hennar og áhrif sandfoks. Þá er óvist hvaða áhrif þetta mun hafa á samfélagslega þætti svo sem framtíð ferðaþjónustu í héraðinu.

Þjórsá og umhverfi hennar eru ómetanleg náttúruperla. Slík röskun sem hér er gert ráð fyrir er óásættanleg og verður ekki séð að hún sé í þágu ríksa almannaghagsmuna að réttlæst geti. Þá gætu framkvæmdirnar einnig stangast á við lög um náttúruvernd nr. 44/1999, sérstaklega 37. gr. þeirra laga.

Náttúruverndarsamtök Íslands leggjast alfarið gegn frekari virkjunum í Þjórsá og hvetja  
hér með sveitastjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps til að falla frá áformum um ofannefndar  
virkjanir og fella þær út úr Aðalskipulagi hreppsins fyrir árin 2004-2016.

F.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands



---

Árni Finnsson

Helga M. Ögmundsdóttir  
 Peter Holbrook  
 Miðtúni 14  
 105 Reykjavík

helgaogm@hi.is  
phol@hi.is

Pétur Ingi Haraldsson  
 Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu  
 Dalbraut 12  
 840 Laugarvatn

Reykjavík, 14.02.2007

Athugasemdir vegna aðalskipulagsbreytingar:

Virkjanir í Þjórsá, Hvammsvirkjun og Holtavirkjun,  
 Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Sbr. auglýsingu um skipulagsmál í uppsveitum Árnessýslu, dags. 29.12.2006.

Við, undirrituð, eigendur sumarbústaðarins Árbakka í landi Minna Núps í Gnúpverjahreppi gerum hér með athugasemdir við aðalskipulagsbreytingu er varðar Hvamms-og Holtavirkjun í Þjórsá.

Við höfum fyrir nokkrum árum komið á framsæri athugasemdum við Landsvirkjun. Áður en lengra er haldið viljum við vekja athygli á því að allt frá því byrjað var að ræða og kynna þessi virkjunaráform hafa komið fram athugasemdir vegna þeirra, sbr. fréttaskýringu Egils Ólafssonar í Morgunblaðinu 13.02.2007. Því er nokkuð villandi þegar haft er eftir Friðriki Sófussyni í sama blaði að engin andstaða hafi komið fram frá sveitarstjórnunum á svæðinu, en sjónarmið þeirra endurspeglar greinilega ekki alls kostar afstöðu heimamanna.

Sértækar athugasemdir sem lúta sérstaklega að nánustu hagsmunum okkar:

1. Í greinargerð og umhverfisskýrslu sem fylgir auglýsingunni segir svo: "Í landi Minna-Núps, skammt neðan við stífluna, minnkar rennsli Þjórsár verulega, einkum að vetrinum. Megináhrif á frístundabyggð verða af sjónrænum toga." Hér er greinilega átt við þá frístundabyggð sem bústaður okkar er hluti af. Hér virðast sjónrænu áhrifin fremur léttvæg fundin. Þau eru hins mjög veruleg, þegar í stað stórfljóts rétt við bústaðinn er komin miklu minni á í fjarlægð og næst okkur svartur uppburrkaður árfarvegur.

2. Við mótmælum því harðlega að með áhrifum af sjónrænum toga sé allt upp talið. Úr þurum farveginum mun verða sandfok og uppblástur. Í ofannefndri greinargerð og umhverfisskýrslu er getið um skilyrði Skipulagsstofnunar frá 19.08.2003 að "Framkvæmdaraðili fyrirbyggi fok á sand- og aurasvæðum sem þorna við framkvæmdirnar með aðgerðum í samráði við Landgræðslu ríkisins og Umhverfisstofnun". Síðar í greinargerðinni segir svo: "Til mótvægis við minnkað rennsli verður þurr hluti farvegar Þjórsár græddur upp." Þetta er ekki útskyrt nánar. Skv. upplýsingum sem við höfum áður fengið frá Landsvirkjun var þetta ekki kostur vegna þess að öðru hvorú yrði vatni hleypt niður farveginn. Nefnt var að til greina gæti komið að gera heldur lægri stíflu neðar í farveginum þannig að farvegurinn fylltist. Við óskum hér með eftir nánari skýringum á þessu atriði.
3. Ekkert er minnst á hljóðræn áhrif, en í einni af kynningum Landsvirkjunar var haft á orði að með virkjunum myndi draga úr þeiri hljódmengun sem við byggjum við. Þetta þykja okkur hin mestu öfugmæli, seiðandi og síþreytilegur niður árinnar er einmitt eitt af því sem gerir umhverfi þessa sumarbústaðar svo einstakt sem það er.
4. Það er þekkt frá fyrri virkjunum að stór vatnslón hafa áhrif á veðurfar nágrennisins til kólnunar. Hér eru hagsmunir okkar fólgir í stórum kartöflu- og matjurtagarði í landi Minna Núps ofan vegar.
5. Við viljum taka fram að við dveljum mjög mikið í þessum bústað, hverja til aðra hverja helgi allan ársins hring auk lengri samfelldra dvalartíma á sumrin. Hann er því heimili okkar að talsverðu leyti.
6. Verðmæti og sérstaða þessa bústaðar liggar í einstakri staðsetningu hans. Með áætluðum virkjunum breytist þessi sérstaða algerlega og snýst upp í andhverfu sína, þegar nánasta umhverfið er ekki lengur án heldur þurr og sendinn árfarvegur með tilheyrandi sandfoki.

**Almennar athugasemdir:**

Það er löngu úrelt sjónarmið að virða ekki þau gildi sem felast í óspilltu umhverfi og fagurri náttúru. Þvert á móti, er farið að reikna þessi gildi til verðmæta í hagrænum skilningi í streituhjóðfélagi nútímans. Fyrrhugaðar virkjanir munu varanlega og óafturkræft breyta ásýnd Gnúpverjahrepps þannig að hann mun ekki lengur verða það ákjósanlega frístundaland sem hann er nú í mjög góðu samlyndi við heimamenn. Í Blaðinu 13.02.2007 er haft eftir Gunnari Erni Marteinssyni, oddvita Skeiða- og Gnúpverjahrepps að meirihluti fundarmanna hafi verið aðkomufólk á fjölmennum mótnaelafundi gegn virkjunum í neðri hluta Þjórsár sem haldinn var í Arnesi 11.02.2007. Hvort sem það er rétt eða ekki, rýrir það síður en svo mikilvægi fundarins. Virkjanir í Þjórsá eru ekki einkamál þeirra sem eiga land að ánni rétt eins og stækkan álversins í Straumsvík er ekki einkamál Hafnfirðinga.

Yirðingarfyllst,

Helga M. Ógmundsdóttir

Peter Holbrook

Skipulags- og byggingarfulltrúi  
uppsveita Árnæssýslu

02. mars 2007

Móttekið

Helga M. Ögmundsdóttir & Peter Holbrook  
Miðtúni 14  
105 Reykjavík

Pétur Ingi Haraldsson  
Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnæssýslu  
Dalbraut 2  
840 Laugarvatn

petur@sudurland.is


28.02.2007


Í framhaldi af fyrri athugasemdum okkar, dags. 14.02.2007 viljum við vekja athygli á úrskurði Skipulagsstofnunar frá ágúst 2003 og þróun mála síðan. Í meðfylgjandi töflu eru teknar saman helstu niðurstöður úr skýrslu Skipulagsstofnunar sem voru að mestu leyti staðfestar af Umhverfisráðuneytinu í skjali dags. 27.04.2004 (mál 03090121). Af þessum gögnum er ljóst að upphafleg umsókn var um virkjun Þjórsár við Núp og breytingu á Búrfellsslínu 1. Rætt er um tvo virkjunarmöguleika, annars vegar í einu þrepum með Núpsvirkjun og hins vegar í tveimur þrepum með Hvammsvirkjun og Holtavirkjun. Lítið er minnst á Urriðafossvirkjun. Eins og ljóst er af útgefnum gögnum og samantekt í meðfylgjandi töflu virðist virkjun í einu þrepum með Núpsvirkjun að flestu leyti vera betri kostur, enda var sá kostur upphaflega valinn, að okkur skildist. Við vitum ekki til að neitt hafi verið upplýst opinberlega um niðurstöður fyrstu kannana, m.a. á jarðfræðilegum aðstæðum, en svo virðist að árið 2006 hafi allar áætlanir miðast við virkjun í tveimur þrepum með Hvamms- og Holtavirkjunum.

Í úrskurði Skipulagsstofnunar er fjallað um tvo hugsanalega virkjanakosti. Mikilvægt er að almenningur fái að vita hvers vegna annar kosturinn var valinn umfram hinni. Sá kostur sem valinn var, virkjun í tveimur þrepum er greinilega að flestu leyti síðri. Áætlunin fjallar nú í heild um virkjun í þremur þrepum, að meðtalinni Urriðafossvirkjun, eins og ljóst er af nýútkomnu Fréttabréfi Landsvirkjunar. Þá er athyglisvert, í ljósi umræðunnar síðustu daga (m.a. orðum umhverfisráðherra), að í umsóknargögnum Landsvirkjunar frá 2003 var talað um bætur skyldu ákveðnar með eignarnámsmati, næðist ekki um þær samkomulag.

Raunar vill þannig til að Núpsvirkjun í einu þrepum hefði meiri áhrif en Holtavirkjanir á þann stað sem skiptir okkur persónulega mestu máli, á árbakkanum í landi Minna Núps. Engu að síður þykir okkur mikilvægt að upplýst verði hvernig staðið var að ákvarðantöku í þessu máli. Hvað varð til þess að horfið var frá áformum um virkjun í einu þrepum með Núpsvirkjun? Ef sú ákvörðun var tekin á grundvelli nýrra gagna sem ekki lágu fyrir þegar upphaflegt mat fór fram árið 2003, hefði þá ekki verið eðlilegt að fram færí nýtt mat sem tæki tillit til þessara gagna?

Virðingarfyllst,

  
Helga M. Ögmundsdóttir  
141248-3409

  
Peter Holbrook  
170249-7359  
Miðtúni 14  
105 R.

Skipulags- og byggingarfulltrúi  
uppsveita Árnessýslu

02. mars 2007

Móttekið

Hafnarfjörður, 28. febrúar 2007

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu  
Pétur Ingi Haraldsson  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

**Efni: Athugasemdir við breytingar á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016.**

Ég undirrituð, Margrét Ásta Jónsdóttir, ættuð frá Haga í Gnúpverjahreppi mótmæli hér og nú fyrirhugaðri Hvammsvirkjun. Að ætla sér að sökkva í uppistöðulón annari eins fegurð og hér um að ræðir held ég að enginn heilbrigður maður myndi láta sér detta í hug. Og það aðeins 100 km frá hinni "stressuðu" Reykjavík en þetta er einmitt mátulegur sunnudagsbítur þaðan.

Hvað auglýsum við í erlendum bæklingum? Fegurð Íslands, ósnortna náttúru – eða drullug jökulsárlón? Það eru nógu mörg lón sem Þjórsá okkar hefur gefið landsmönnum, þegar þörf var á rafmagni fyrir okkur – en ekki nú!

*Skotin ör kemur ekki aftur!*

Og eignarnám við Þjórsá er fráleitt í lýðræðisríki eins og Ísland telur sig vera. En ég fer að efast, þar sem örfáir aðilar geta ráðið jafn miklu og þessu. Mikil ábyrgð er sett á örfáa misvitra sveitarstjórnarmenn, sem kosnir eru til fjögurra ára í senn, að ráða um lón sem er áætlað að standi í 100 ár, sem eru í dreifbýlu byggðarlögum með mikið landrými. Ekki

hafa þeir boðað til kosninga, með atkvæðagreiðslu fyrir sína sveitunga og landeigendur.  
Nei, allt er þetta gert neðanjarðar. Kafbátahernaður!

Svo eiga Hafnfirðingar að ráða um mēngun landsins og hvort mínar hreppaperlur fari á  
bólakaf!

*Ég mótmæli því!*

Margrét Æsta Jónsdóttir

Margrét Æsta Jónsdóttir  
Smyrlahrauni 45 – 220 Hafnarfjörður  
Kt. 030473-3379

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu  
Pétur Ingi Haraldsson  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Skipulags- og byggingarfulltrúi  
upsveita Árnessýslu

02. mars 2007

Móttekið

Athugasemdir varðandi breytingu á aðalskipulagi um virkjanir í Þjórsá, Hvammsvirkjun, Holtavirkjun, Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Ég, undirrituð, mótmæli fyrirhuguðum virkjunarframkvæmdum í neðri hluta Þjórsár í 18 eftifarandi atriðum:

1. Ég mótmæli að því lík náttúruspjöll sem um ræðir í tillöggunni séu unnin að geðþóttu tveggja stórfyrirtækja, þ.e. Landsvirkjunar og Alcan í Hafnarfirði.

Rökstuðningur: Nokkrir forystumenn stórfyrirtækja skulu ekki deila og drottna í íslenskri náttúru, heldur almenningur sem Ísland byggir. Það heitir lýðræði.

2. Að stórfyrirtækjum sé gefið leyfi til óafturkræftra framkvæmda af þeirri stærðargráðu sem um ræðir í þessu tilfelli, má einungis verja með því að almannahagsmunir séu í húfi.

Í skoðanakönnun Fréttablaðsins sem birt var í blaðinu í morgun, 28. febrúar, 2007, kemur fram að rúmlega 63% landsmanna eru andvíg stækkun álversins í Straumsvík. Þannig er það dagljóst, ef almannahagsmunir eru sagðir vera hafðir að leiðarljósi í þessum fyrirhuguðu framkvæmdum, að þá kannast yfirlagnæfandi meirihlut umrædds almennings ekki neitt við þá hagsmuni. Þess vegna mótmæli ég.

3. Þann 25. janúar sl. birti Fréttablaðið skoðanakönnun sem gerð var meðal Hafnfirðinga. Rúmlega helmingur íbúa í Hafnarfirði er á móti stækkun álversins í Straumsvík skv. henni. Í Hafnarfirði er ekki atvinnuleysi og það er heldur ekki fyrirsjáanlegt. Ég hef búið í Hafnarfirði í 15 ár og hef unnið hjá fjölmennri ríkisstofnun í Hafnarfirði í 9 ár. Ég þekki engan Hafnfirðing sem vantar vinnu, eða sem er hræddur um að missa vinnu. Þannig eru (skv. lið nr. 2. og 3.) virkjanir í neðri hluta Þjórsár, bæði Hafnfirðinga vegna og fólks almennt, óþarfi. Ég mótmæli því að náttúra í og við Þjórsá sé eyðilögð að óþörfu.

4. Alcan í Hafnarfirði bar fyrst gjafir á Hafnfirðinga um áramótin sföstu, en hefur síðan þá hotað Hafnfirðingum lokun álversins í fjöldum, ef ekki verður af stækkun, þó undir rós sé.

Það þarf ekki nema greind í slöku meðallagi til átta sig á að þar á bak við er einbeittur vilji og ætlun forvígismanna álversins til að láta ráðamenn og almenning í Hafnarfirði hlýða sér, ef ekki af öðru, þá af ótta.

Ef nokkurs staðar fyrirfinnst vottur, meðvitað eða ómeðvitað, fyrir því að tekið sé mark á lokunargrýlu Alcan í ákvörðunum um tillögu þessa, þá mótmæli ég því.

5. Ég mótmæli því að umhverfi meðfram Þjórsá sé eyðilagt til þess í raun að fjármagna og tryggja öruggan stórgróða fyrirtækja (álfyfyrirtækja).

6. Ég mótmæli því að svæði meðfram Þjórsá og í íslenskri náttúru almennt sé eyðilegt vegna samninga sem eru leyndarmál! (Á ég þar við söluverð raforku).
7. Ég mótmæli því að umhverfi meðfram Þjórsá sé eyðlagt í þágu mengandi starfsemi.
8. Ég mótmæli því að fagurt umhverfi meðfram Þjórsá sé eyðilagt, því þá er unnið skemmdarverk á öðrum iðnaði sem er mjög náttúrvænn og atvinnuskapandi til frambúðar, þ.e. ferðaiðnaði ýmiskonar. Það kaupir sér enginn farmiða til Íslands til að fara í skoðunarferðir á slóðum Landsvirkjunar til að skoða stíflur og lón. Í öðrum löndum hefur fólk fengið nóg af slíku.
9. Ég mótmæli því að með framkvæmdum sé fagurt og náttúrulegt útsýni viða stórkemint, frá hinum ýmsu stöðum, ég læt nægja að nefna útsýni yfir Þjórsá í átt til Heklu frá Vífahlíð í Gnúpverjahreppi í því sambandi.
10. Ég mótmæli því að sökkva öllu því landflæmi sem um ræðir í tillögunni í þeirri lónhæð sem um ræðir, með tilheyrandi tjóni og spjöllum sem geta orðið illviðráðanleg, s.s. rof og sandfok.
11. Ég mótmæli því gífurlega viðbótarraski vegna vegalagninga sem af hlýst til dæmis á kaflanum milli Fossness og Haga í Gnúpverjahreppi.
12. Ég mótmæli þeim hraða og því offorsi sem hefur verið í gangi af hálfu framkvæmdaaðila vegna tillögu þessarar. Áður en ákvörðun er tekin um tillögu þessa er búið að bjóða út verk. Landsvirkjun og Alcan eru búin að semja sín á milli um raforku fyrir löngu! Venjulegt fólk spyr: Hverjur eiga stjórnsýsluna?
13. Ég, sem áður innfæddur Gnúpverji en með búsetu í Hafnarfirði í mörg ár, mótmæli fyrirhuguðu skipulagi um virkjanir í Þjórsá í heild sinni, vegna þess að bæði þær og stækken álvers í Hafnarfirði yrðu í óþökk of margra til að slíkt ætti nokkurn rétt á sér.
14. Ég, sem foreldri í Hafnarfirði, sem móðir ungs Hafnfirðings, ættaðs úr Gnúpverjahreppi, á rétt á því til framtíðar að Hafnarfjörður og Skeiða- og Gnúpverjahreppur haldi ímynd sinni. Því mótmæli ég fyrirhuguðu raski og eyðileggingu á náttúrunni í og meðfram Þjórsá á því svæði sem um ræðir og um leið mótmæli ég því brengli á ímynd Hafnarfjarðar, sem þetta myndi líka leiða af sér.
15. Ég mótmæli því að Þjórsá sé notuð til að unnt sé að dæla mengun yfir nágrenni álversins í Straumsvík meira en orðið er. Orðið umhverfisvæn orka á heldur ekki við um slíkt. Núna ekki alls fyrir löngu var tekin fyrir í útvarpi umræða um svifryksmengun frá álverum, fyrir utan aðra mengun. Búið er að færa sönnur á að svifryksmengun frá álverum er gífurleg, langtum meiri en talið var. Svifryksmengun er stór áhættuþáttur í sambandi við lungna og hjartasjúkdóma. Tíðni hjartaáfalla eykst mjög greinilega þá daga sem hún varir, það hafa rannsóknir staðfest. Í nágrenni álversins eru ný, stór íbúðahverfi, skólar, leikskólar, íþróttamannvirki Haukanna, fyrirtæki, verslanir o.s.frv. Á lygnum vetrardögum þarf nú þegar að halda börnum á leikskólum inni vegna svifryksmengunar frá umferðargötum.

Það hlýtur að þýða það að ef af stækkun ávers verður, þá verður það trúlega hlutskipti lítilla Hafnfirðinga að vera hafðir inni almennt.

16. Ég mótmæli umræddri tillögu á þeim forsendum að ekki sé rétt að leggja náttúru margra sveitarfélaga að veði, fórkost fjölmargra íbúa þeirra eins og ljóst er orðið, fyrir hagsmuni eins stórfyrirtækis í allt öðrum landsfjórðungi.

17. Ég mótmæli því, ef um slíkt er teflt, að það sé einkamál íbúa eins bæjarfélags í allt öðrum landsfjórðungi hvort virkjað sé í neðri hluta Þjórsár. Slíkt er skandall og fær ekki staðist í nútíma samfélagi.

18. Ég mótmæli umræddri tillögu vegna þess rasks og náttúruspjalla almennt í og meðfram Þjórsá, án ávinnings til framtíðar hvað varðar atvinnu fyrir fólk ið. Um leið og nýframkvæmdum lýkur er atvinnan fyrir bí, en íbúar sveitanna sitja uppi með ferliskið út um stofugluggann.

Virðingarfyllst,

Hafnarfirði, 28. febrúar, 2007,

Kristín Guðmundsdóttir  
Kristín Guðmundsdóttir

fl. 100561-3609

Jónustveitinni  
220 Hafnarfjörður